

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/693

2025/EES/10/05

frá 27. mars 2023

um breytingu á ákvörðunum (ESB) 2017/1214, (ESB) 2017/1215, (ESB) 2017/1216, (ESB) 2017/1217, (ESB) 2017/1218, (ESB) 2017/1219 og (ESB) 2018/680 að því er varðar gildistíma viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun

(tilkynnt með númeri C(2023) 1886) ()*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að veita megi vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB. Setja skal sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.
- 2) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1214 ⁽²⁾ var komið á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „handuppþvottaefni“. Gildistími þessara viðmiðana og tengdra krafna um mat og sannprófun rennur út 26. júní 2023.
- 3) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1215 ⁽³⁾ var komið á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum“. Gildistími þessara viðmiðana og tengdra krafna um mat og sannprófun rennur út 26. júní 2023.
- 4) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1216 ⁽⁴⁾ var komið á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „þvottaefni fyrir uppþvottavélar“. Gildistími þessara viðmiðana og tengdra krafna um mat og sannprófun rennur út 26. júní 2023.
- 5) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1217 ⁽⁵⁾ var komið á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „hreingerningavörur fyrir hörð yfirborð“. Gildistími þessara viðmiðana og tengdra krafna um mat og sannprófun rennur út 26. júní 2023.
- 6) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1218 ⁽⁶⁾ var komið á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „þvottaefni“. Gildistími þessara viðmiðana og tengdra krafna um mat og sannprófun rennur út 26. júní 2023.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 91, 29.3.2023, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 87, 30.11.2023, bls. 40.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1214 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna handuppþvottaefna (Stjtið. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1215 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna þvottaefna fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum (Stjtið. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 16).

⁽⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1216 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna þvottaefna fyrir uppþvottavélar (Stjtið. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 31).

⁽⁵⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1217 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna hreingerningavara fyrir hörð yfirborð (Stjtið. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 45).

⁽⁶⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1218 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna þvottaefna (Stjtið. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 63).

- 7) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2017/2019 ⁽⁷⁾ var komið á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum“. Gildistími þessara viðmiðana og tengdra krafna um mat og sannprófun rennur út 26. júní 2023.
- 8) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2018/680 ⁽⁸⁾ var komið á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „hreingerningapjónusta innanhúss“. Gildistími þessara viðmiðana og tengdra krafna um mat og sannprófun rennur út 3. maí 2023.
- 9) Í samræmi við niðurstöður gæðaeftirlits með umhverfismerki ESB frá 30. júní 2017 ⁽⁹⁾ lagði framkvæmdastjórnin, með ráðleggingum og aðstoð frá umhverfismerkinganefnd ESB, mat á og staðfesti gildi umhverfismerkis ESB fyrir ofangreinda vöruflokka og með því var komið í framkvæmd lausnum til að bæta samvirkni þvert á vöruflokka og auka notkun á umhverfismerki ESB. Þetta felur í sér samþættingu náskyldra vöruflokka, eftir því sem við á, og tryggir að í endurskoðunarferlinu á viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB gefi framkvæmdastjórnin viðeigandi gaum að samfelli milli viðeigandi stefna ESB, löggjafar og vísindapekkingar.
- 10) Framangreint mat leiddi í ljós að þörf er á endurskoðun til að tryggja samfelli við aðrar stefnur Sambandsins með tilliti til þvotta- og hreinsiefnisvöruflokkana. Við þá endurskoðun verður tekið tillit til niðurstöðunnar úr yfirstandandi endurskoðun á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 ⁽¹⁰⁾. Að því er varðar hreingerningapjónustu innanhúss töldust viðmiðanirnar vera enn í fullu gildi og líklegar til að haldast í fullu gildi næstu árin. Því gæti endurskoðun á tengdum viðmiðunum hafist á seinni stigum, sem gerir það einnig kleift að vísa til endurskoðuðu viðmiðananna um þvotta- og hreinsiefni.
- 11) Því er viðeigandi að framlengja gildistíma viðmiðananna fyrir umhverfismerki ESB sem settar eru fram í ákvörðunum (ESB) 2017/1214, (ESB) 2017/1215, (ESB) 2017/1216, (ESB) 2017/1217, (ESB) 2017/1218, (ESB) 2017/1219 og (ESB) 2018/680 til að framkvæmdastjórnin geti endurskoðað tengdu viðmiðanirnar í samvirkni við væntanlegt frumkvæði að löggjöf og samþætt þær ef það er talið mögulegt.
- 12) Til að veita nægan tíma til að ljúka við endurskoðunarferlið og til að tryggja markaðssamfelli fyrir leyfishafa á milli núgildandi og endurskoðaðra útgáfa af viðmiðunum ætti að framlengja gildistíma núgildandi viðmiðana og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun til 31. desember 2026 fyrir handuppþvottaefni, þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum, þvottaefni fyrir uppþvottavélar, hreingerningavörur fyrir hörð yfirborð, þvottaefni og þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum. Að því er varðar hreingerningapjónustu innanhúss ætti að framlengja gildistíma núgildandi viðmiðana og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun til 31. desember 2027.
- 13) Því ætti að breyta ákvörðunum (ESB) 2017/1214, (ESB) 2017/1215, (ESB) 2017/1216, (ESB) 2017/1217, (ESB) 2017/1218, (ESB) 2017/1219 og (ESB) 2018/680 til samræmis við það.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

⁽⁷⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1219 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna þvottaefna til notkunar í iðnaði og á stofnunum (Stjtið. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 79).

⁽⁸⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/680 frá 2. maí 2018 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna hreingerningapjónustu innanhúss (Stjtið. ESB L 114, 4.5.2018, bls. 22).

⁽⁹⁾ Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um endurskoðun á framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB (COM(2017) 355 lokagerð).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 frá 31. mars 2004 um þvotta- og hreinsiefni (Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Breyting á ákvörðun (ESB) 2017/1214

Í stað 4. gr. ákvörðunar (ESB) 2017/1214 kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „handuppþvottaefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2026.“

2. gr.

Breyting á ákvörðun (ESB) 2017/1215

Í stað 4. gr. ákvörðunar (ESB) 2017/1215 kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2026.“

3. gr.

Breyting á ákvörðun (ESB) 2017/1216

Í stað 4. gr. ákvörðunar (ESB) 2017/1216 kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „þvottaefni fyrir uppþvottavélar“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2026.“

4. gr.

Breyting á ákvörðun (ESB) 2017/1217

Í stað 4. gr. ákvörðunar (ESB) 2017/1217 kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „hreingerningavörur fyrir hörð yfirborð“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2026.“

5. gr.

Breyting á ákvörðun (ESB) 2017/1218

Í stað 4. gr. ákvörðunar (ESB) 2017/1218 kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „þvottaefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2026.“

6. gr.

Breyting á ákvörðun (ESB) 2017/1219

Í stað 4. gr. ákvörðunar (ESB) 2017/1219 kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2026.“

7. gr.

Breyting á ákvörðun (ESB) 2018/680

Í stað 4. gr. ákvörðunar (ESB) 2018/680 kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „hreingerningaþjónusta innanhúss“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2027.“

8. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. mars 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Virginijus SINKEVIČIUS

framkvæmdastjóri.
